

Fundargerð aðalfundur Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala  
haldinn í Vonarhöfn Hafnarfjarðarkirkju 08.06.2017.  
Fundurinn hófst kl. 17.00  
Fundargerð ritaði Stefanía Ámundadóttir

Dagskrá aðalfundar:

- 1) Kosning fundarstjóra og fundarritara:  
Steinunn tilnefndi fundarstjóra Hafstein Þórðarson, sem var samþykkt samhljóða. Hafsteinn fundarstjóri stakk síðan upp á Stefaníu Ámundadóttur sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða.
- 2) Skýrsla stjórnar: Steinunn Guðnadóttir formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala flutti skýrslu stjórnar starfsárið 2016-2017. Steinunn kynnti sig sem fyrrverandi bæjarfulltrúa og íþróttakennara. Hún rakti tilurð samtakanna, sem voru stofnuð í maí 2014 í þeim tilgangi að endurreisa heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala.

Steinunn þakkaði stjórnendum Hafnarfjarðarkirkju fyrir velvild alla tíð í garð Hollvinasamtakanna, en ítrekað hefur kirkjan og húsakynni hennar verið lánuð til fundarhalda á vegum Hollvinasamtakanna. Steinunn rakti hvaða meðlimir hafa gefið kost á sér í stjórn samtakanna í gegnum tíðina, og þakkaði meðlimum stjórnar vinnuframlag þeirra frá stofnun 2014. Skýrsla stjórnar verður send til Hollvina St. Jósefsspítala.

- 3) Framlagðir reikningar. Fram kom að 1000 kr. félagsgjald sem ákveðið var á ársfundi Hollvinasamtakanna í maí 2016 var ekki innheimt. Því eru engir reikningar til samþykktar og því erfitt fyrir endurskoðendur að skoða reikninga Hollvinasamtakanna. Því eru engir reikningar til samþykktar starfsárið 2016-2017.
- 4) Lagabreytingar. Engar lagabreytingar eru lagðar fram, því þarf engar samþykktir fyrir lagabreytingar á aðalfundi 2017.
- 5) Ákvörðun félagsgjalds: Stungið er upp á ársgjaldi upp á 1000 kr. fyrir starfsárið 2017-2018 og er það samþykkt samhljóða.
- 6) Kosning stjórnar:  
Formaður: Í framboði er Steinunn Guðnadóttir til formanns, Ekkert mótframboð kom fram og er því Steinunn kosinn formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala starfsárið 2017-2018.

Aðrir í aðalstjórn eru :

Guðrún Bryndís Karlsdóttir ritari , verkfræðingur og sjúkraliði  
Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur  
Stefanía Ámundadóttir gjaldkeri, læknaritari og sjúkraliði  
Ingvar Árni Sverrisson framkvæmdastjóri

Í varastjórn eru kosin:

Lýður Árnason heimilislæknir  
Elísabet Ólafsdóttir Íþróttifræðingur, framkvæmdastjóri ÍBH  
Ólafur Bjarnason geðlæknir  
Katrín Sif Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

Jóhanna Elín Stefánsdóttir kennari  
Skoðunarmenn starfsárið 2017-2018:  
Stungið er upp á:  
Hafsteini Þórðarsyni og Ámunda H. Ólafssyni sem skoðunarmönnum  
reikninga samtakanna sem er samþykkt.

- 7) Dr. Janus Guðlaugsson íþróttá- og heilsufræðingur og lektor við Háskóla Íslands flutti erindi sitt um þjálfun eldri borgara. Verkefnið er doktorsverkefni sem Janus lauk 2014 og fjallar um það að þróa þjónustu við eldri borgara á Íslandi. Eldri borgurum er að fjölga gífurlega á Íslandi. Árið 2017 eru 6 vinnufærir íslendingar á móti / hverjum 67 ára og eldri. Eftir 25 ár verða 2,8 vinnufærir íslendingar á móti / hverjum 67 ára og eldri. Heilbrigðiskerfi nútímans er ekki að ganga upp. Það þarf því að koma upp forvarnarkerfi til að efla heilsu eldri borgara í gegnum nýjar leiðir.

Janus kynnti verkefni sitt sem er nýbyrjað í Reykjanesbæ. Í dag eru þar 1750 eldri borgarar en verða um 4000 árið 2030. Sveitarstjórnarmenn í Reykjanesbæ höfðu ekki þolinmæði að bíða eftir ríkisvaldinu með að þeir legðu fjármuni í þetta verkefni. Sveitarstjórn stofnaði því þróunarsjóð til þessa verkefnis. Markmið verkefnisins er að efla heilsu eldri borgara í sveitarfélaginu.

Janus sagði frá því að hver eldri borgari sem fer á hjúkrunarheimili kostar ríkisvaldið um það bil 9-13 milljónir á ári í útlagðan kostnað. Ef tekst að halda einum hjónum sem lengst frá því að fara á hjúkrunarheimili sparar það ríkisvaldinu um það bil 18-25 milljónir árlega.

Hinsvegar kostar það ríkisvaldið um það bil 10-12 milljónir árlega að halda uppi markvissri heilsueflingu fyrir 100 eldri borgara, eða sem samsvarar einu stöðugildi íþróttufræðings. Slík heilsuefling samanstendur af þolþjálfun og styrktarþjálfun við hæfi hvers og eins einstaklings.

Í dag eru um 40.800 eldri borgarar á Íslandi. Ef tækist að seinka hjá um 10 % eldri borgara að fara á hjúkrunarheimili, myndi það spara þjóðfélaginu um 42 milljarða. Eldri borgarar upplifa á eigin skinni meiri vellíðan við þáttöku í slíkri þjálfun eins og fram hefur komið í rannsóknum Janusar Guðlaugssonar og félaga.

Í Reykjanesbæ taka 127 einstalingar þátt í rannsókn á vegum Janusar Guðlaugssonar í gegnum þróunarsjóð Reykjanesbæjar, rannsóknin er á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Sóknaráætlunar Suðurnesja, Janus heilsuefling (fyrirtæki á vegum Janusar Guðlaugssonar ) Rannsóknarstofu HÍ og Landspítala öldrunarfræðideild.

Verkefnið er að efla heilbrigði og viðhalda heilbrigði eldri borgara og um leið að skapa félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður til slíks fyrir eldri borgara.

Janus bendir á að heilsuræktarstöðvar landsins séu meira og minna tómar milli 10.00-12.00 og 13.00-16.00, því sé kjörið að nota stöðvarnar til að viðhalda færni og getu eldri borgara á þeim tíma.

Mikið atriði sé að stuðla að fræðslu hjá eldri borgurum með fyrirlestrum, fá öldrunarlækna til að fræða fólk um hvað gerist á þessu aldurskeiði ef hreyfingu og styrktarþjálfun er ekki sinnt. Einnig að fá fræðslu frá næringarfræðingum um næringu sem er mjög mikið atriði til að viðhalda vöðvastyrk eldri borgara.

Janus benti á að einstaklingar yfir 70 ára missa 5 % af vöðvastyrk sínum á hverju ári ef engin styrktarþjálfun er stunduð, þannig að um 80 ára aldur hafa þeir misst mikið af sínum fyrri vöðvastyrk ef engin styrktarþjálfun er stunduð. Því er styrktarþjálfun fyrir þennan aldurshóp mjög mikilvæg til að halda færni og getu til þess að vera sem lengst á eigin heimili.

Hafnarfjörður er með stefnu um Heilsuefandi samfélag. Með slíkri stefnu er hægt að efla heilsu eldri borgara markvisst og seinka um leið innlögnum á heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili.

Ferli heilsueflingar í rannsókn Janusar er:

- 1) Að greina einstaklinga.
- 2) Að gera persónubundna áætlun um hreyfingu fyrir hvern og einn.
- 3) Þjálfun er fylgt eftir til lengri tíma.
- 4) Fræðsla varðandi næringu og hvað gerist ef fólk hreyfir sig markvisst á efri árum, og hvað á sér stað í líkamanum ef fólk hreyfir sig ekki á efri árum.
- 5) Greining (endurteknar mælingar á 6 mánaða fresti). Hver og einn fær sínar niðurstöður svo styrkja megi sjálfbærni (sjálfstæði) í þjálfun með aukinni þekkingu.

Hugmyndir Janusar um framtíð St. Jósefsspítala er að þar verði sett niður starfsemi Miðstöðvar öldrunar og endurhæfingar.

Opnað var á fyrirspurnir eftir fyrirlestur Janusar og komu nokkrar fyrirspurnir:

- a) Egill Friðleifsson kom með góð ráð og sagðist hafa lært af Gísla rafmagnsverkfræðingi sem gaf honum þau ráð í sambandi við heilsurækt að þegar hann væri latur að fara af stað og hreyfa sig, skyldi hann einmitt fara af stað að hreyfa sig, og það væri reyndin þá kæmi hann endurnærður til baka úr sundi /eða göngu.
- b) Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi þakkaði Janusi fyrir góðan fyrirlestur. Hún taldi að íbúar Hafnarfjarðar yrðu mjög ánægðir ef St. Jósefsspítali yrði virkjaður í anda verkefnis Janusar Guðlaugssonar.
- c) Ámundi Ólafsson benti á að sykurskattur hefði verið aflagður, en var kominn með um 3 milljarða í tíð fyrri ríkisstjórnar, Ef skatturinn yrði tekinn upp aftur væri sannarlega hægt að koma upp mikilli starfsemi fyrir

- eldri borgara, peningaleysi ætti ekki að vera afsökun að gera ekkert í þessum málum.
- d) Ólafur Bjarnason benti á að rannsóknir sýndu fram á að hreyfing auki mjög á vitræna getu eldri borgara. Erfitt gæti verið að koma starfsemi af stað í anda rannsóknar Janusar Guðlaugssonar, en það væri mikilvægt til að bæta heilsu eldri borgara.
  - e) Elísabet Ólafsdóttir frá ÍBH benti á að góð aðstaða væri til staðar í Hafnarfirði, en það vanti fleiri skipuagða hópa. Hafnarfjarðarbær hafi niðurgreitt líkamspjálfun eldri borgara frá 2007.
  - f) Katrín Sif Sigurgeirsdóttir spurði út í hvort hreyfiseðlar gætu komið þarna inn í hvað varðar það að auka hreyfingu eldri borgara. Janus svaraði því til að hreyfiseðlarnir verði ekki virkir fyrr en eitthvað bjátar á. Hreyfiseðill ætti að virka þannig að lækni, hjúkrunarfræðingur og sjúkrahjálfarar vinni saman að setja upp markmið fyrir skjólstæðing.
  - g) Guðlaug Kristjánsdóttir forseti bæjarstjórnar sem er lærður sjúkrahjálfari talaði um að þetta væri frábært verkefni hjá Janusi. Í dag væri það þannig að bæði karlar og konur mættu í FH húsið og æfðu þar á morgnana. Hún benti á vatnsleikfimi sem hefði staðið til að hætta að styrkja í hruninu 2007 en væri enn í dag styrkt af Hafnarfjarðarbæ.
  - h) Lýður Árnason lækni á Hrafnistu leist mjög vel á hugmyndir Janusar, um að gera St. Jósefsspítala að endurhæfingar og öldrunarmiðstöð. Vöðvarýrnum væri mjög lúmsk, og læddist oft að eldra fólki. Eftir 70 ára aldur missti fólk 5 % af vöðvamassa sínum á einu ári. Fáir eldri borgarar vissu það. Hann benti á að það vanti fræðslu inn á heimilin fyrir 65 ára og eldri. Vandamálið sé að það sé erfitt að ná fólki út úr húsi.

Janus tók undir það hjá Lýð að erfiðast er að ná fólki út úr húsi til líkamsræktar. Það sem þyrfti væri fræðsla og aftur fræðsla, ef þú gerir ekki eitthvað í þínum málum sem eldri borgari þá ertu í mikill hættu að missa alla getu að vera sjálfbjarga.

Janus tók sem dæmi um rannsókn sem var gerð á vegum Hjartaverndar, 300 manna úrtak, 100 aðilar vildu vera með. Eftir 3-4 vikur var mikið hringt í rannsóknaraðila, þá vildu fleiri vera með. Fólk sem tók þátt var ánægt með að taka þátt og fleiri vildu vera með, en það var ekki hægt, fólk varð að taka þátt frá byrjun. Janus talaði líka um að lækna tæku betur undir með íþróttufræðingum hvað þessi mál varðar síðustu 5 ár.

- 8) Hver hefur þróun mála St. Jósefsspítali orðið starfsárið 2016-2017. Bæjarfulltrúarnir Guðlaug Kristjánsdóttir og Helga Ingólfssdóttir kynntu þróun mála sl. ár. Guðlaug þakkaði meðlimum Hollvinasamtakanna þolinmæðina sl. ár. Hún vitnaði í heimsókn til Fredriksberg sem hún fór í, þar sem sjúkrahús var tekið í notkun á ný í samráði við félagasamtök, nærumhverfi sjúkrahússins og fleiri.

Guðlaug sagði að margar hugmyndir hafi komið fram. Drög hefðu verið uppi að kaupum bæjarins á St. Jósefsspítala lengi. Bæjarstjóri hefði haft uppi kröfugerð á hendur ríkinu vegna mikilla eigna sem Hafnfirðingar hefðu átt í eignum St. Jósefsspítala, eignir sem hefðu legið í tækjum, í starfsemi og starfsfólki St. Jósefsspítala sem hefði verið lagður niður án samráðs við

bæjaryfirvöld. Kröfugerðin hefði verið um að fá spítalann keyptan fyrir sem minnst, helst 0. – krónur. Það hefði hjálpað bæjaryfirvöldum í kröfugerðinni að fá yfirlit yfir eignir spítalans sem meðlimir Hollvinasamtakanna hefðu getað útvegað Hafnarfjarðarbæ.

Guðlaug taldi líklegt að samningar væru að takast, vonandi fyrir sumarið. Síðan yrði skipaður starfshópur þvert á flokka. Það yrðu fjórir fulltrúar í þeim starfshóp sem yrðu ekki endilega kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn, það væri ekki alltaf til bóta að hafa slíka fulltrúa kjörna fulltrúa heldur jafnvel aðrir fulltrúar sem skipaðir yrðu af flokkunum fjórum.

Haldinn yrði opinn íbúafundur þannig að allir íbúar viti hvað sé að gerast í málefnum spítalans en vitað sé að stofnunum á vegum Hafnarfjarðarbæjar vanti húsnæði fyrir ýmislegt.

Guðlaug segir 3. leiðir færar í stöðunni varðandi St. Jósefsspítala.

- 1) Að hvað sem er fari inn í bygginguna (dýrasta úrræðið, kostar bæinn meira, að kaupa bygginguna með þeim formerkjum).
- 2) Að opinber starfsemi fari í bygginguna.
- 3) Að samfélagsþjónusta fari í bygginguna, (t.d. heilsutengd starfsemi eða uppfræðslustarfsemi af einhverju tagi).

Búið er að ástandsskoða húsið. Verkfræðistofa er búin að skoða það, og meta. Tala komin á að til dæmis mála og glerja sem væri grunnkostnaður við að taka bygginguna í notkun á ný.

Guðlaug sagði samstarf bæjarins hafi verið aukið við öldungarráð bæjarins. Úrræði í öldrunarþjónustu þurfi að funkera, það þarf að dreifa úrræðum. Því er gott að öldungaráð Hafnarfjarðar taki þátt. Umræða hafi til dæmis verið tekin um fasteignagjöld, hvað sé hægt að gera þannig að fólk geti búið í sínu húsnæði sem lengst hvað varðar fasteignagjöld. Einnig verið tekin umræða um aukna heimaþjónustu með meiri félagslegri þjónustu.

Bærinn mun því kaupa bygginguna, en það þarf virka nýtingu á húsnæði St. Jósefsspítala sem fyrst. Við val á starfsemi sem fari þarna inn verður tekið mið af því hvort viðkomandi hafi innsýn í samfélagsþjónustu (viti t.d. hver kostnaður er við að halda slíkt hús o.s.frv.).

Fyrirspurnir til Guðlaugar Kristjánsdóttur formanns bæjarráðs.

- 1) Gunnhildur Sigurðardóttir fyrrverandi hjúkrunarforstjóri St. Jósefsspítala óskaði fundargestum til hamingju. Hún væri sannfærð um að byggingin yrði notuð til góðra hluta í framtíðinni.  
Guðlaug Kristjánsdóttir svaraði á þann hátt að trúlega yrði margskipt þjónusta þarna, til dæmis vantaði húsnæði fyrir starfsemi fyrir fatlaða hjá bæjarfélaginu.
- 2) Ámundi Ólafsson spurðu um hugmyndasamkeppni fyrir notkun byggingarinnar. Guðlaug svaraði að bæjarstjórnin vildi fast land undir fótum, bæjarstjórn vildi enga erindsleysu varðandi þetta hús. Ríkið hefði

alltaf viljað hæsta verð fyrir bygginguna, en bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði ekki viljað þann útgangspunkt varðandi St. Jósefsspítala.

- 3) Egill Friðleifsson sagði að hann væri með sorg í hjarta þegar hann gangi fram hjá St. Jósefsspítala. Mikilvægt væri að eitthvað færi að gerast.

9) Önnur mál:

Guðrún Bryndís Karlsdóttir ritari Hollvinasamtakanna nefndi það að hún væri ánægð með árangur Hollvinasamtakanna. Það hefði verið viss múr sem Hollvinasamtökin hefðu rekist á, en hinn gullni þráður í þessu öllu saman væri að í spítalanum færi líf að kvikna aftur. Ákveðin gögn hefðu skipt miklu máli við að undirbúa verðmat á byggingunni. Í dag sé staðan gjörbreytt: Sveitarfélagið vilji t.d. styðja heilbrigði bæjarbúa í heild, s.s. starfsemi fyrir fatlaða eða aðra bæjarbúa sem þurfi stuðningsþjónustu.

Guðrún Bryndís Karlsdóttir las svo ályktun fundar sem er eftirfarandi:

Ályktun aðalfundar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala 8.6.2017

Aðalfundur Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala skorar á bæjaryfirvöld að fyrir liggi skilgreining á þeirri almannaþjónustu sem fyrirhuguð er í St. Jósefsspítala, áður en starfsnefnd um málefni St. Jósefsspítala verður skipuð af fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn.

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala telja brýna nauðsyn þess að í þeirri skilgreiningu verði tekið mið af skyldum bæjaryfirvalda til þjónustu á málefnum fatlaðra og aldraðra. Jafnframt verði bæjarbúum kynnt staðan á þeirri heilbrigðisþjónustu sem fellur undir skyldur sveitarfélagsins.

Aðalfundur Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala telur að með því að skilgreina heilbrigðistengda starfsemi í St. Jósefsspítala geti Hafnarfjörður orðið í fararbroddi í forvörnum, eftirfylgd og endurhæfingu við bæjarbúa á öllum sviðum og aukið þannig lífsgæði Hafnfirðinga til framtíðar.

Hafsteinn fundarstjóri spurði því næst hvort einhver vildi ræða þessa ályktun fundarins.

- a) Jóhanna Elín Stefánsdóttir spurði Guðlaugu um hvort breyta þyrfti deiliskipulagi ef þarna yrði breyting á almannaþjónustu, Guðlaug sagði svo ekki vera, í dag væri svæðið skipulagt fyrir almannaþjónustu.

Steinn Guðnadóttir formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala þakkaði Guðlaugu Kristjánsdóttur forseta bæjarstjórnar fyrir hennar erindi og Helgu Ingólfsdóttur fyrir komuna. Hollvinsamtökin hafa margoft óskað eftir meira samráði við bæjaryfirvöld. Samtökin vildu stuðla að því að Hafnarfjarðarbær eignaðist húsnæði St. Jósefsspítala, en vegna samskiptaleysis var oft ekki vitað hvað skref ætti næst að taka. Ræða við bæjaryfirvöld, ráðherra, eða fréttamiðla. Meira samstarf skilaði markvissari árangri.

Steinn sagði væntanlega starfsnefnd óvissuþátt. Bréf var því afhent Guðlaugu Kristjánsdóttur sem tók við því formlega. Það verður jafnframt sent til bæjarstjóra ásamt ályktun aðalfundar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala. Í viðkomandi bréfi Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala er óskað eftir því að hugtakið “almannaþjónusta” verði þrengt og skilgreint áður en starfshópurinn verði skipaður.

Guðlaug Kristjánsdóttir svaraði því strax að hugtakið “almannaþjónusta” væri skipulagslegs eðlis, eitthvað sem væri í samræmi við deiliskipulag hverfisisins.

- b) Inga Valgerður Kristinsdóttir lagði fram fyrirspurn um árgjald 2016-2017, hvort ætti að innheimta árgjaldið. Steinunn svaraði því að stjórn hefði ákveðið að rukka ekki árgjaldið fyrir starfsárið 2016-2017 vegna þess að óvenju lítil starfsemi hefði verið á starfsárinu. Fundargestir voru sammála því að ekki væri þörf að safna í sjóði að sinni, meðan ekki væri vitað hvað yrði um St. Jósefsspítala.

Guðlaug Kristjánsdóttir stakk upp á að stofnaður yrði Þróunarsjóður Hafnarfjarðarbæjar, í samræmi við það sem sveitarstjórnarmenn í Reykjanesbæ hafa gert, til að koma starfsemi svipaðri rannsókn Janusar í St. Jósefsspítala.

Hafsteinn Þórðarson fundarstjóri, þakkaði fyrir fundinn og talaði um gott og heimilislegt andrúmsloft á fundinum. Hann óskaði síðan eftir því að Formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítla tæki til máls og sliti fundi.

Alls mættu 20 hollvinir á fundinn auk þess sem þrír nýir skráðu sig í samtökin.

Fundi slitið kl. 19.00